

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 60/2021

frá 5. febrúar 2021

um breytingu á XI. viðauka við EES-samninginn (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1523 frá 11. október 2018 um að koma á fót fyrirmynd að yfirlýsingu um aðgengileika í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2102 um aðgengileika vefsetra opinberra aðila og smáforrita þeirra fyrir snjalltæki ⁽¹⁾.
- 2) XI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 50c (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2102) í XI. viðauka við EES-samninginn:

„50ca. **32018 D 1523**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1523 frá 11. október 2018 um að koma á fót fyrirmynd að yfirlýsingu um aðgengileika í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2102 um aðgengileika vefsetra opinberra aðila og smáforrita þeirra fyrir snjalltæki (Stjtið. ESB L 256, 12.10.2018, bls. 103).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1523, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 256, 12.10.2018, bls. 103.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

gildistökuþegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/2021 frá 5. febrúar 2021 ⁽²⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

⁽²⁾ Verður birt.